

Ed.

67. Frumvarp til laga

[62. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Oddur Ólafsson.

1. gr.

Aftan við A-lið 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 50 milljónum króna árlega til lánveitinga vegna endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Lánsumsókn skulu fylgja meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar. Lánin mega nema allt að 300 000 kr. og skulu veitt með venjulegum kjörum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öryrkjar eru tekjulægsti hópur okkar þjóðfélags. Þar af leiðandi eiga þeir erfitt með að byggja sér hentugt húsnæði. Margir búa í gömlu húsnæði, sem þeir hafa ýmist erft eða keypt. Þá vantar fjárhagsgetu til þess að halda húsnæði sínu sómasamlega við eða endurbæta það. Oft er hér um veiklað fólk að ræða, sem er meiri nauðsyn en heilbrigðum á því að búa í góðu húsnæði. Hér eru miklir örðugleikar á því að fá löng lán til viðhalds og endurbóta. Frumvarp þetta til breytingar á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er flutt í þeim tilgangi að auðvelda fátækustu þegnum að búa við sæmileg húsnæðisskilyrði í landi, þar sem almenningur býr betur en í flestum öðrum löndum.